

Nr. 083 / 09 Addi afi GK 97***Stjórnvana og dreginn til hafnar***

Skipaskr.nr. 2106
Smíðaður: Hveragerði 1990 plast
Stærð: 6,4 brl. 9,6 bt.
Mesta lengd: 10,47 m Skráð lengd: 9,66 m
Breidd: 3,33 m Dýpt: 1,52 m
Vél: Cummins 187 kW 1998
Fjöldi skipverja: 2



Addi afi ©Emil Páll Jónsson

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 4. desember 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælsyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 12. júlí 2009 var Addi afi GK 97 á siglingu við Eldeyja-drang. Veður: Hæg breytileg átt.

Bátsverjar urðu varir við að högg kom frá skut og báturinn varð stjórnlaus með stýrið fast í borði. Eftir skoðun var ljóst að stýrisblaðið var laust frá stýrisstammanum.

Skipstjóri óskaði eftir aðstoð og björgunarskipið Oddur V. Gíslason dró Adda afa GK til Grindavíkur.

Við rannsókn kom fram:

- að samkvæmt upplýsingum frá SÍ er stýrið svokallað flapsastýri (aftasti hluti stjórnanlegur á löm) og hannað með styrkleika sem spaðastýri (hangandi stýri án hællegu). Gert úr 3mm ryðfríum plötum, soðnar á 40mm öxul í miðju. Að framan er 14mm öxull og að aftan er 10mm öxull sem festir lamirnar á flapsann sem er 8mm þykk plata. Stýrið er fest með flangs sem er 12mm þykkur með fjórum 16mm boltum. Stýrið var samþykkt sem spaðastýri án hælts með hámarks siglingahraða 14 hnútum þar sem stýrishæll þótti ekki nægjanlega stífur fyrir hælstýri;
- að ás stýrisstammans var 50 mm sver og á enda hans var rafsoðinn flangs og það var suðan á honum sem brast og fylgdi hann því flangsi stýrisins. Skipstjóri gat ekki gert sér grein fyrir hvort eitthvað hafi farið í stýrið eða

suðan gefið sig af öðrum sökum. Hann kvaðst hafa verið á lítilli ferð og með stýrið hálf í borðið;

- að fram kom hjá eiganda að við kaup bátsins í febrúar 2009 hafi hann verið tekinn á land og þá komið í ljós að ekki var stýrishæll en festingar voru fyrir hann. Á þessum tíma var settur stýrishæll en það ekki tilkynnt til SÍ;
- að sögn hönnuðar var þetta stýri sett í bátinn í stað annars eldra og taldi hann flangsinn sem fyrir var á stýrisstammanum hafa verið notaðan til að festa stýrið. Hann minnti að flangsinn hafi verið úr venjulegu smíðastáli svo spennan á milli málma gæti hafa eyðilagt rafsuðurnar. Hann sagði að hællinn ætti ekki að gefa stýrinu styrk en í þessu tilfelli væri hann fremur til að varna því að veiðarfæri kæmu í skrúfunu;
- að skipstjóri taldi að flangs á stýrisstamma hafi einnig verið úr ryðfríu efni;
- að útbúnaður er fyrir neyðarstýri og meðfylgjandi stýrissveif en ekkert gagn var í búnaðinum þar sem stýrisblaðið fylgdi ekki stýrisstammanum. Erfitt var að útbúa annað neyðarstýri vegna þess að stýrisblaðið var skorðað fast út í annað borðið. Búnaður sem stjórnar flapsanum hefur skorðað stýrið í öðru borðinu og hann ásamt hællegunni haldið stýrisblaðinu svo það tapaðist ekki.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu þar sem ekki er ljóst hvað olli brotinu.